

Jóladagskrá í Reykjanesbæ 2025

Aðventugarðurinn

Aðventugarðurinn verður opin allar helgar í desember fram að jólum frá kl. 14.00-17.00 og á Þorláksmessu frá kl. 18.00-21.00.

Aðventuljósaganga og tendrun ljósa á jólatrénu

4. desember

Mæting er við jólatréð í Aðventugarðinum kl. 16:45 þar sem þátttakendur fá ljósabönd á meðan birgðir endast en við hvetjum alla til að taka sína eigin ljósgjafa með. Gangan hefst kl. 17:00 og verður leidd af jólasveini um miðbæinn, þar sem má búast við óvæntum upptákum á leiðinni. Göngunni lýkur í Aðventugarðinum þar sem ljósin verða tendruð á jólatrénu kl. 18:00 og öllum boðið upp á heitt kakó og piparkökur. Söluhofarnir verða opnir til kl. 21:00 með spennandi varningi og Aðventusvellið opið frá kl. 17–21, undir nýju tindrandi ljósapaki og jólatónlist. Þá verða verslanir í bænum opnar til kl. 22.00 þetta kvöld.

Aðventusvellið

21. nóvember -31. desember

Aðventusvellið hefur þegar opnað og verður opið föstudag til sunnudags í desember og eftir samkomulagi. Upplýsingar um svellið er að finna á adventusvellid.is

Jólin í Duus safnahúsum

Í desember á opnunartíma safnanna má finna ævintýrleg söguspjöld í safnahúsunum, þar sem sagt er frá jólatrésskemmtunum sem frú Ása Olavsén, kona Duus-kaupmanns, hélt í Bryggjuhúsinu fyrir börn og aðra íbúa Keflavíkur. Skemmtanirnar voru haldnar árlega í um tuttugu ár, frá árinu 1900, og þóttu sannkallaðir stórviðburðir þess tíma.

Gestir geta einnig sest niður í ró og næði, fönðrað einfalt jólaskraut og skrifað óskalista til jólasveinanna, sem Skessan kemur til skila til frænda sinna.

Bókasafnið

27. nóvember - Innþökkunarstöð opnar og verður opin fram að jólum í aðalsafni.

27. nóvember - Sköpum saman merkimiða út endurvinnanlegu efni í aðalsafni.

27. nóvember - Foreldramorgunn spjall og samvera foreldra og ungbarna í aðalsafni.

27. nóvember - Bókakynning og upplestur, 4 rithöfundar mæta með bækur sínar.

28. nóvember. Opni leikskólinn frá kl. 10-12. Nærandi og skapandi samvera fyrir fjölskyldur.

29. nóvember - Klub książki dla Polaków, pólski bókaklúbburinn hittist.

1. desember - Opni leikskólinn 13-15 nærandi og skapandi samvera fyrir fjölskyldur.
4. desember - Sköpum saman jólakúlur úr endurvinnanlegu efni í Stapasafni.
6. desember - Heimskonur, jólahittingur
7. desember - Notaleg jólasögustund á Króatísku kl. 11:00
8. desember - Opni leikskólinn 13-15 nærandi og skapandi samvera fyrir fjölskyldur.
11. desember - Sköpum saman jólakort úr gömlum bókum, tímaritum og öðru efni í aðalsafni.
13. desember - Vinnustofa með Gabi, saumaðir verða jólapokar og þeir skreyttir úr endurnýttu efni í aðalsafni.
18. desember - Sköpum saman jólatré úr gömlum tímaritum í Stapasafni.

Að auki:

- ✓ *Skiptimarkaður fram að jólum, bæði í aðal- og Stapasafni*
- ✓ Gunnhildur Þórðar les upp úr nýju ljóðabókinni sinni, auglýst síðar
- ✓ Jólabíó fyrir börnin á hverjum sunnudegi fram að jólum í aðalsafni

Listasafnið

1. nóvember – Grímugerð með listakonunni Freyju Eilíf, innblásinni af mexíkósku hátíðinni Degi hinna dauðu!
8. nóvember – Föndrum töfrateppi með klippimyndaaðferð, hægt að leika með eða hengja upp.
15. nóvember – Plánetur -málarasmiðja. Skapandi geimferð í litum og formum!
16. nóvember, samtal um sýningu Áka Granz – með Karveli Granz
22. nóvember – Gluggastjörnur - smiðja þar sem við búum til stjörnur til að hengja í glugga.
29. nóvember – Jóla listsmiðja, sköpun og jólaföndur í hátíðlegum anda!
30. nóvember, Hanna Styrmisdóttir sýningarstjóri með leiðsögn um sýningu Vilhjálms Bergssonar.
2. desember - Eldri borgarar heimsækja safnið og fá leiðsögn frá Helgu Þórsdóttur safnstjóra og Karvel Granz.
17. janúar, opnun einkasýningar Tuma Magnússonar.
- 21-29 janúar, leikskólabörn heimsækja listasafn Reykjanesbæjar og fá leiðsögn og vinnustofu með listamanni.

Hljómahöll

12. desember

Ari Eldjárn: Áramótaskop 2025 í Hljómahöll

Ari Eldjárn býður þér að kveðja með sér enn eitt árið sem er að líða með ógleymanlegri uppistandssýningu sinni - Áramótaskop 2025. Þetta er í níunda skiptið sem Ari kveður árið með þessum hætti og hafa færri komist að í gegnum árin en vilja.

14. desember

GDRN og Magnús Jóhann - Nokkur jólaleg lög

Síðustu jól sló jólaplata GDRN og Magnúsar Jóhanns rækilega í gegn og var ein mest selda vínýlplata landsins. Nokkur jólaleg lög, innihélt jólaperlur á borð við Yfir fannhvíta jörð, Komdu um jólin og Heim til þín. Jólin 2025 efnir tvíeykið GDRN og Magnús Jóhann til töfrandi jólatónleika í Hljómahöll þar sem lög plötunnar verða flutt ásamt öðrum perlum.

17. desember

Þorláksmessutónleikar Bubba Morthens

Þorláksmessutónleikaröð Bubba Morthens er ein allra langlífasta tónleikahefð í aðdraganda jóla og eru ófáir sem geta ekki hugsað sér aðventuna án þeirra. Tónleikarnir í ár eru merkilegir fyrir þær sakir að þeir fagna 40 ára afmæli. Fyrstu Þorláksmessutónleikarnir voru haldnir á Hótel Borg árið 1985.

30. desember

Valdimar - Áramótatónleikar

Þá er loksins komið að hinum margrómuðu áramótatónleikum hljómsveitarinnar Valdimar! Þetta er viðburður sem er fyrir löngu orðinn að föstum lið á jólahátíðinni í Reykjanesbæ. Hljómsveitin flytur öll sín þekktustu lög og hugsanlega fá gestir frumflutning á nýju efni sveitarinnar!

Nesvellir

4. desember - Sagnagleði og bókakynning í salnum kl. 14.00

5. desember - Basar FEBS í salnum kl. 13:30

12. desember - Eldeyjarkórinn syngur í salinn kl. 14.00

19. desember - Jólapeysudagur og Marína Ósk syngur í salnum kl. 14.00 (

23. desember - Skötuveisla í hádeginu ásamt undirspili

Þrettándagleði

6. janúar

Jólin verða kvödd með þrumandi þrettándagleði á hátíðarsvæði við Hafnargötu 12. Blysför frá Myllubakkaskóla kl. 18.00, gengið að hátíðarsvæði við Hafnargötu í fylgd álfa og púka þar sem Grýla gamla tekur á móti gestum. Brenna og flugeldasýning og heitt kakó og piparkökur til að halda hita á mannskapnum.